

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/37/EB

frá 18. júlí 1995

um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1982 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var steypt saman með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽²⁾.

Víðtækar prófanir hafa farið fram í nokkrum aðildarríkjum á nýrri notkun aukefnis í hópnum „sýklalyf“ og nýju aukefni í hópnum „hníslalyf og önnur lyf“. Svo virðist sem unnt sé að heimila þessa nýju notkun og þetta nýja aukefni í bandalaginu miðað við þá reynslu sem aflað hefur verið og rannsóknir sem fram hafa farið.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við tilskipun þessa.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE:

1. Í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi við lið nr. E 717, „Avflamyśín“:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
			„Holdakjúklingar	—	2,5	10	—“

2. Í D-hluta „Hníslyf og önnur lyf“ bætast eftirtalin atriði við :

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
„E 772	Narasín/Níkarbasín blanda af a) narasíni og b) níkarbasíni í hlutfallinu 1/1	a) $C_{43}H_{72}O_{11}$ (pólýeter mónókarb- oxýlsýra framleidd af Streptó- mýses aureófasíens) í kyрнаformi b) Efnasamband 1,3 bis (4-nítró- fenýl) þvagefnis og 4,6-dímetyl pýrimídín-2-ól með jöfnum móle- kúlhlutföllum í kyрнаformi	Holdakjúklingar	—	80	100	Notkun bönnuð síðustu fimm dagana fyrir slátrun. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: — „Hættulegt hrossum“ — „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það á sama tíma og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“ “